

Nd.

**118. Frumvarp til laga**

[100. mál]

um kaupstaðarréttindi til handa Dalvíkurkaupþúni.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Ingvar Gíslason, Ingi Tryggvason,  
Lárus Jónsson.

**1. gr.**

Dalvíkurkaupþún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Dalvíkurhrepp og heitir Dalvíkurkaupstaður. Umdæmi þetta er í alþingiskjördæmi Norðurlands eystra.

**2. gr.**

Um valdssvið bæjarfógeta á Dalvík og launakjör fer samkvæmt lögum þar um.

**3. gr.**

Dómsmálaráðuneytið ákveður, hvernig málum þeim, er varða Dalvíkurhrepp og ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Dalvík.

**4. gr.**

Sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu og bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eigu eða vörslu Eyjafjarðarsýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði, er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara. Nái þessir aðilar ekki samkomulagi, skal félagsmálaráðherra úrskurða, hvernig með skuli fara.

**5. gr.**

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins skv. sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum skv. þeim lögum.

**6. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi og var ekki útrætt. Með frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Með beiðni hreppsnefndar Dalvíkurhrepps um, að þingmenn kjördæmisins flyttu frumvarp um kaupstaðarréttindi fyrir Dalvíkurhrepp, fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Samþykkt hreppsnefndar Dalvíkurhrepps frá 26. september 1972 um kaupstaðarréttindi fyrir Dalvíkurkaupþún, sem hér fylgir með, á sér langan aðdraganda, og hafa verið gerðar um það fjölmargar fundarsamþykktir á liðnum árum. Meginforsendur þeirrar óskar, sem fram kemur í samþykktinni, eru:

1. Að fá inn í kaupþúnið, íbúum þess til hægðarauka, alla þá þjónustu, sem bæjarfógetar veita.
2. Að skapa Dalvíkurhreppi þá réttarstöðu, sem kaupstaðir hafa.
3. Að losa Dalvíkurhrepp úr tengslum við Eyjafjarðarsýslu, þar sem áhrif hreppsins á stjórn málefna sýslunnar miðast við einn fulltrúa af tólf, en hluti hreppsins af gjöldum til sýslunnar nemur 1972 28.1%.

Af þeirri þjónustu, sem um ræðir í fyrsta lið, má nefna innheimtu tekna ríkissjóðs, stjórn lögreglumála, varðveislu veðmálabóka, skrásetningu bifreiða, útgáfu

ökuskírteina, umboð Tryggingastofnunar ríkisins og sýslusamlög (sjúkrasamlög). Enn fremur má benda á, að sífellt er verið með lagasetningum að gera greinarmun á sveitarfélögum eftir réttarstöðu þeirra. Má nefna t. d. lög um sjúkrasamlög, nr. 67 1971, þar sem segir orðrétt í 37. gr.:

„Í hverjum kaupstað og hverri sýslu skal vera sjúkrasamlag“ o. s. frv.

Orsakir þessa verða t. d. tvö sjúkrasamlög á Húsavík, Akureyri og Sauðárkróki, en fjölmennt læknishérað eins og Dalvíkurlæknishérað verður án þjónustu sjúkrasamlags.

Varðandi 2. lið er bent á, að hver kaupstaður er sjálfstætt lögsagnarumdæmi, þar sem hins vegar hreppur er hluti af lögsagnarumdæmi sýslu. Bæjarfógeti fer með lögsögu í kaupstað og hefur þar aðsetur, en sýslumaður í hreppi þarf ekki að vera þar búsettur.

Kaupstaðir lúta beint yfirstjórn félagsmálaráðuneytisins, sem fer með sveitarstjórnarmálefni, en eiga enga aðild að sýslufélögum skv. lögum.

Í þriðja lið kemur fram, hver áhrif Dalvíkurhrepps eru á stjórn sýslunnar og hver er hluti hans af sýslugjöldum. Til viðbótar því má benda á, að sýslunefndarmenn eru kosnir beint og óbundnir af samþykktum viðkomandi sveitarstjórna, enn fremur það, að sýslunefndir virðast hafa ótakmarkaðar heimildir til að skattleggja hreppana í formi sýslusjóðsgjalda.

Að lokum skal sérstaklega tekið fram, að hreppsnefnd Dalvíkurhrepps hefur sent dómsmálaráðuneytinu ítrekaðar beiðnir um staðsetningu löglærðs fulltrúa frá sýslumannsembættinu á Akureyri á Dalvík, en þeim erindum hefur ekki verið svarað til þessa.